



Til sýslumannsins

í/á _____

BEIÐNI UM LÖGSKILNAÐ

eftir skilnað að borði og sæng

Móttökudagur:	Málsnúmer:
---------------	------------

Upplýsingar um eiginkonuna:		
Fullt nafn samkvæmt þjóðskrá	Kennitala	
Lögheimili	Netfang	
Staður	Póstnúmer	Sími

Upplýsingar um eiginmanninn:		
Fullt nafn samkvæmt þjóðskrá	Kennitala	
Lögheimili	Netfang	
Staður	Póstnúmer	Sími

Vinsamlegast lesið vandlega **leiðbeiningar um lögskilnað** að undangengnum skilnaði að borði og sæng, sem fylgja eyðublaði þessu, áður en eyðublaðið er fyllt út og undirritað. Upplýsingar um skilnað er einnig að finna á vef sýslumanna, www.syslumenn.is.

Athygli er vakin á því að bera má fram ósk um lögskilnað í viðtali við sýslumann eða fulltrúa hans, í stað þess að nota þetta eyðublað.

Sýslumaður getur ákveðið að kalla aðila málsins til viðtals, telji hann það nauðsynlegt.

Erindi þetta verður ekki tekið til meðferðar fyrr en greiðsla fyrir leyfisbréfið hefur borist.

	Aðilar lýsa yfir:
Frumrit eða staðfest ljósrit af skilnaðarleyfi eða endurrit dóms skal fylgja.	Við undirrituð erum sammála um að óska eftir lögskilnaði á grundvelli 1. mgr. 36. gr. hjúskaparlaga nr. 31 frá 1993 og meðfylgjandi leyfisbréfs til skilnaðar að borði og sæng / dóms um skilnað að borði og sæng.
Sjá leiðbeiningar hér að neðan um 35. gr. hjúskaparlaga.	Við undirrituð höfum ekki búið saman eftir að við skildum að borði og sæng.
Ef hjón vilja gera breytingar á skilnaðar-skilmálum, þarf að óska eftir lögskilnaði í viðtali við sýslumann eða fulltrúa hans.	Við undirrituð förum fram á lögskilnað með sömu skilmálum og ákveðnir voru við skilnað að borði og sæng, sbr. það sem fram kemur í meðfylgjandi leyfi til skilnaðar að borði og sæng / dómi um skilnað að borði og sæng.

Börn undir 18 ára aldri: Útfyllist ef hjónin eiga sameiginleg börn, þ. m. t. kjörbörn.

Nafn	Kennitala
Nafn	Kennitala
Nafn	Kennitala
Nafn	Kennitala

Ef hjónin vilja breyta gildandi samningi um forsjá, lögheimili og meðlag, þarf að óska eftir lögskilnaði í viðtalstíma hjá fulltrúa sýslumanns.	Aðilar lýsa yfir – ef um sameiginleg börn er að ræða:
	Við undirrituð erum sammála um að forsjá, lögheimili og meðlag með barni/börnum okkar verði eins og ákveðið var við skilnað að borði og sæng, sbr. það sem fram kemur í meðfylgjandi leyfi til skilnaðar að borði og sæng / dómi um skilnað að borði og sæng.

Fylgiskjöl:	<input type="checkbox"/> Frumrit eða staðfest ljósrit af leyfisbréfi til skilnaðar að borði og sæng EÐA <input type="checkbox"/> Endurrit dóms um skilnað að borði og sæng.
-------------	--

Undirskriftir hjónanna:	Við undirrituð lýsum því yfir að við höfum kynnt okkur leiðbeiningar um lögskilnað að undangengnum skilnaði að borði og sæng, sem fylgja eyðublaði þessu og erum sammála um að óska lögskilnaðar eins og lýst er hér að ofan. Ofangreindar upplýsingar eru gefnar samkvæmt okkar bestu vitund.
Staður og dagsetning	Staður og dagsetning
Undirskrift eiginkonu	Undirskrift eiginmanns

Vottar að undirskrift eiginkonu: -vottar þurfa að vera eldri en 18 ára-		Vottar að undirskrift eiginmanns: -vottar þurfa að vera eldri en 18 ára-	
Undirskrift:	Kennitala:	Undirskrift:	Kennitala:
Undirskrift:	Kennitala:	Undirskrift:	Kennitala:

Lögskilnaður að undangengnum skilnaði að borði og sæng

-Hjón sem hafa verið skilin að borði og sæng í sex mánuði eða lengur og vilja fá lögskilnað með sömu skilmálum og giltu við skilnað að borði og sæng, geta óskað eftir lögskilnaði með því að fylla út meðfylgjandi eyðublað og afhenda það sýslumanni.

-Erindinu á að beina til sýslumanns í því umdæmi sem hjónin búa. Ef þau búa sitt í hvoru umdæminu hafa þau val um til hvors sýslumannsins er leitað.

-Frumrit eða staðfest ljósrit af leyfi til skilnaðar að borði og sæng eða endurrit dóms um skilnað að borði og sæng skal fylgja með beiðni um lögskilnað. Greiðsla fyrir lögskilnaðarleyfi þarf einnig að fylgja með.

-Það er hægt er að bera fram ósk um lögskilnað í viðtali við sýslumann eða fulltrúa hans, í stað þess að nota þetta umsóknareyðublað.

-Sýslumaður getur ákveðið að kalla aðila málsins til viðtals, telji hann það nauðsynlegt.

-Hjón sem vilja lögskilnað, en vilja breyta skilnaðarskilmálunum frá því sem ákveðið var við skilnað að borði og sæng, nota ekki þetta eyðublað, heldur óska lögskilnaðar í viðtali hjá fulltrúa sýslumanns.

Hjón sem hafa verið skilin að borði og sæng í sex mánuði eða meira og eru sammála um að óska eftir lögskilnaði geta óskað eftir slíkum skilnaði hjá sýslumanni, sbr. 1. mgr. 36. gr. hjúskaparlaga nr. 31 frá 1993. Það þurfa að vera liðnir sex mánuðir eða meira, frá því að leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng er dagsett.

Ef að hjónin eru ekki sammála um að óska lögskilnaðar eftir sex mánuði, getur lögskilnaður ekki orðið að svo stöddu. Fyrst eftir að hjónin hafa verið skilin að borði og sæng í 12 mánuði eða meira getur annar aðilinn knúið fram lögskilnað. Hafi skilnaður að borði og sæng varað í 12 mánuði eða meira getur hvor aðili fyrir sig óskað lögskilnaðar, sbr. 2. mgr. 36. gr. hjúskaparlaga. Ef hjónin eru ósammála um að leita lögskilnaðar og liðnir eru 12 mánuðir frá skilnaði að borði og sæng, er ekki hægt að veita lögskilnað hjá sýslumanni, þá þarf að fara fram á lögskilnað fyrir héraðsdómi.

Það eru engin takmörk fyrir því hvað hjón geta verið lengi skilin að borði og sæng. Lögskilnaður er ekki veittur sjálfkrafa, það þarf að sækja um hann.

Hægt er að biðja um lögskilnað á eyðublaði sem sýslumenn láta í té, þegar hjón eru sammála um að óska lögskilnaðar með sömu skilnaðarskilmálum og giltu við skilnað að borði og sæng. Ef hjónin vilja víkja frá þeim skilmálum er ósk um lögskilnað borin upp í viðtali við sýslumann eða fulltrúa hans. Viðtalstíma þarf að bóka fyrirfram.

Hjón geta alltaf valið að bera upp ósk um lögskilnað í viðtali við fulltrúa sýslumanns, í stað þess að nota eyðublað þetta. Í viðtalinu er afstaða hjónanna færð í gerðabók sýslumanns og þeim leiðbeint um réttarstöðu sína samkvæmt hjúskaparlögum og barnalögum eftir atvikum.

Hjónin þurfa að svara því á eyðublaðinu, hvort þau hafa búið saman eftir skilnað að borði og sæng. Ef hjón taka upp sambúð að nýju eftir skilnað að borði og sæng, eða hafa aldrei hætt að búa saman eftir veitingu skilnaðar að borði og sæng, geta þau ekki fengið lögskilnað, þar sem réttaráhrif skilnaðar að borði og sæng eru þá fallin niður, sbr. 35. gr. hjúskaparlaga.

Þeir skilnaðarskilmálar (forsjá, lögheimili og meðlag vegna barns/barna, fjárskipti og lífeyrir) sem hjón hafa komið sér saman um eða ákveðnir hafa verið með öðrum hætti í tilefni skilnaðar að borði og sæng skulu einnig gilda eftir að lögskilnaður er veittur, nema annars hafi verið getið þegar skilnaður að borði og sæng var veittur.

Sýslumaður gefur út leyfisbréf til lögskilnaðar, til staðfestingar á að lögskilnaður hafi verið veittur. Við útgáfu leyfisbréfsins er hjónabandinu lokið. Útgáfa leyfisbréfsins verður ekki kærð til æðra stjórnvalds.

Í leyfisbréfi til lögskilnaðar er m.a. getið um forsjá barna, lögheimili og meðlagsgreiðslur. Móttakandi meðlags getur snúið sér með leyfisbréfið til Tryggingastofnunar ríkisins og óskað eftir að fá meðlagið greitt.

Leyfisbréf til lögskilnaðar er póstsent til aðila málsins. Einnig sendir sýslumaður Þjóðskrár staðfestingu á skilnaðinum, heimilisföngum aðila og barna. eru þá lögheimili aðila og barna þeirra skráð í samræmi við þær upplýsingar.

Greiðsla fyrir leyfisbréfið er innt af hendi hjá sýslumanni þegar beiðnin er lögð fram. Tekið er við debetkortum, en ekki kreditkortum. Hver og einn sýslumaður gefur upplýsingar um bankareikning og kennitölu ef óskað er eftir að greiða með innborgun á reikning. Þessar upplýsingar má einnig nálgast á vef sýslumanna.

Hjúskaparlög eru á vef Alþingis www.althingi.is á slóðinni: <http://www.althingi.is/lagas/136a/1993031.html>

Barnalög eru á vef Alþingis www.althingi.is á slóðinni: <http://www.althingi.is/lagas/136a/2003076.html>

Lög um staðfesta samvist eru á vef Alþingis www.althingi.is, á slóðinni: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1996087.html>

Sameiginlegur vefur sýslumanna: www.syslumenn.is